

Þriðjudaginn 24. ágúst 1982.

Nr. 166/1982. Ákærvaldið

gegn

Önnu Björgu Hjartardóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. ágúst sl., sem barst Hæstarétti 23. ágúst. Krefst hún þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir eiga að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 19. ágúst 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 19. ágúst, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta og þá kveðinn upp úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Þriðjudaginn 17. ágúst sl., kl. 2030, var handtekin hér í borg vegna grunar um fíkniefnamisferli Anna Björg Hjartardóttir, fædd 10. febrúar 1959. Anna Björg kom hingað til lands frá Spáni 6. ágúst sl., og er hún grunuð um að hafa flutt með sér hingað til lands umtalsvert magn fíkniefna.

Anna Björg hefur við yfirheyrslur hjá lögreglu 17. og 18. ágúst borið af sér allar sakir um innflutning, deifingu eða neyslu fíkniefna utan að hafa neytt hassefnis í tvö skipti, en efnið kvaðst Anna hafa fengið gefið fyrir skömmu, er hún var stödd í veitingahúsinu Klúbbinum hér í borg.

Bylgja Bragadóttir, fædd 23. september 1958, var yfirheyrð hjá lögreglu 17. og 18. ágúst sl. Bylgja kvaðst eftir heimkomu Önnu frá Spáni hafa séð í fórum hennar efni, sem hún telji vera hassefni. Bylgja kvað Önnu hafa dvalið á heimili sínu (þ. e. Bylgju) fyrstu nóttina eftir heimkomu frá Spáni og hafi þær strax fyrsta kvöldið neytt saman fíkniefna. Bylgja kvaðst í þrjú skipti eftir þetta hafa neytt fíkniefna með Önnu. Bylgja kvað Sigurð Stefán Almarsson, fæddan 30. ágúst 1956, hafa komið á heimili sitt, sennilega 3 dögum fyrir komu Önnu frá Spáni. Kvað Bylgja Sigurð Stefán hafa sagt sér, að Anna hefði keypt kannabisefni fyrir 60.000 kr. í Spánarförinni. Þá kvað Bylgja Önnu hafa þann 9. eða 10. ágúst sl. komið með flösku á heimili sitt. Bylgja kvað Önnu hafa sagt, að flaska þessi innihéldi hassolíu fyrir 60.000 kr.

Bylgja kvað Sigurð Stefán áðurnefndan hafa komið sama dag á heimili sitt, og kvað Bylgja sig hafa séð Sigurð Stefán sýna Önnu lítið plasthylki með hassolíuleifum í. Kvað Bylgja Önnu hafa ætlað að kaupa yfir 100 stykki af nefndum hylkjum og greiða fyrir með hassmola. Þá kvaðst Bylgja hafa heyrt á Önnu, að barnsfaðir Önnu, Eggert Bjarni Arnórsson, hefði fjármagnað áðurnefnd meint fíkniefnakaup Önnu.

Sigurður Stefán Almarsson var yfirheyrður hjá lögreglu 18. ágúst sl. Kvað Sigurður Stefán sig hafa frétt af fíkniefnakaupum Önnu á Spáni. Kvað Sigurður Önnu hafa viðurkennt að hafa flutt hingað til lands fíkniefni frá Spáni þann 6. ágúst sl. Þá kvað Sigurður Önnu hafa falast eftir 130 plasthylkjum hjá sér, en hvert hylki tekur 2.5 gr af hassolíu. Sigurður Stefán kvaðst hafa séð hassolíu í fórum Önnu og fengið að prófa hana. Þá kvað Sigurður sig hafa séð Marokkohassduft hjá Önnu og hafi Anna sagt, að það, er hann sá, væri aðeins hluti af því, er hún flutti með sér hingað til lands úr áðurnefndri Spánarferð.

NIÐURSTÖÐUR.

Anna Björg Hjartardóttir er fastlega grunuð um að hafa flutt með sér umtalsvert magn fíkniefna við komu hingað til lands frá Spáni 6. ágúst sl. Samhljóða framburðir Bylgju Bragadóttur og Sigurðar Stefáns Almarssonar styðja þann grun. Þá kemur fram í gögnum málsins, að Anna hefur nú um nokkurt skeið legið undir grun hjá lögreglu fyrir meint fíkniefnamisferli. Ekki hefur unnist tími til að yfirheyra alla þá aðilja, er með þarf, og á þessu stigi er sampröfun ekki tímabær.

Verið er að rannsaka meint brot Önnu Bjargar Hjartardóttur á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Gæti sök, ef sönnuð þætti, varðað Önnu fangelsisrefsingu. Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 þykja því eigi koma í veg fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Með vísan til alls ofanritaðs svo og með vísan til 1. mgr. 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 er fallist á áður framkomna kröfu lögreglu um gæsluvarðhald yfir Önnu Björgu Hjartardóttur. Þykir gæsluvarðhaldstími hæfilega afmarkaður allt að 7 dögum frá því kl. 1900 miðvikudegi 18. ágúst sl. að telja.

Úrskurðarorð:

Anna Björg Hjartardóttir, fædd 10. febrúar 1959, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum frá því kl. 1900 miðvikudaginn 18. ágúst sl. að telja.

Föstudaginn 24. september 1982.

Nr. 6/1980. Malar- og steypustöðin h/f
 gegn
 Sigfúsi Jónassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Sigfús Jónasson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
